

Grænt bókhald vegna ársins 2003


Fyrirtæki: Síldarvinnslan hf.

30.09.2004

Dagsetning

Þóshallur Jónsson

Undirskrift



Yfirlýsing stjórnar Síldarvinnslunnar hf.
Varðandi grænt bókhald fyrir árið 2003.

Hjálagð fylgir skýrsla Síldarvinnslunnar um grænt bókhald fyrir starfsárið 2003.

Í skýrslunni eru gefnar upp lykiltölur varðandi fiskeldispátt fyrirtækisins í Norðfirði og einnig fyrir fiskmjölsverksmiðjur fyrirtækisins, sem voru 6 að tölu á árinu.

Svo sem kunnugt er, sameinuðust fyrirtækin Síldarvinnslan hf. og SR-mjöl hf. í ársbyrjun 2003 og ber sameinaða fyrirtækið nafnið Síldarvinnslan hf. með höfuðstöðvar í Neskaupstað.

SR-mjöl hafði rekið 5 verksmiðjur, á Siglufirði, Raufarhöfn, Seyðisfirði, Reyðarfirði og í Helgúvík. Síldarvinnslan hf. rak hins vegar verksmiðju í Neskaupstað. Fyrir sameiningu fyrirtækjanna lá ljóst fyrir að verksmiðjan á Reyðarfirði yrði lögð niður og hætti hún starfsemi eftir vetrarvertíðina 2003.

Í skýrslu fyrirtækisins um grænt bókhald eru hins vegar helstu tölur fyrir verksmiðjuna á Reyðarfirði hafðar með, þar sem verksmiðjan þar var starfrækt fram eftir ári 2003.

Síldarvinnslan hefur markað sér ákveðna gæða- og umhverfisstefnu sem lýst er í starfsmannastefnu fyrirtækisins:

Gæðastefna Síldarvinnslunnar er þessi: Stefna Síldarvinnslunnar er að framleiða fiskafurðir til að mæta væntingum sem viðskiptavinurinn gerir, mæta kröfum sem gerðar eru af opinberum aðilum og uppfylla ávallt þau atriði sem getið er í sölusamningum.

Umhverfisstefna Síldarvinnslunnar er þessi: Síldarvinnslan hefur það að markmiði að starfa í sem bestri sátt við umhverfi sitt. Stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskistofna og bættri umgengni um auðlindina. Stefna Síldarvinnslunnar er að hámarka nýtingu á hráefnum og orku. Markvisst er stefnt að því að auka notkun umhverfisvænnar orku, að stuðla að umhverfisvænum rekstri á öllum stigum framleiðslunnar og framleiða heilnæmar gæðaafurðir.

Unnið hefur verið markvisst að því á undanförmum árum að draga úr loftmengun frá verksmiðjum fyrirtækisins eins og kostur er.

Verksmiðjur þær sem tilheyra Síldarvinnslunni í dag hafa á síðasta áratug undirgengist miklar breytingar. Þurrkunarbúnaði verksmiðjanna á Norðfirði, Seyðisfirði og Siglufirði hefur verið gjörbylt í þá veru að sýnileg loftmengun er hverfandi auk þess sem lyktarmengun hefur minnkað gífurlega. Verksmiðjan sem byggð var í Helgúvík og hóf starfsemi 1997 var einnig byggð með þessa þætti að leiðarljósi. Þessar verksmiðjur allar eru í dag þeim kostum búnað að geta framleitt afurðir af eins háum gæðum og menn telja að hægt sé að ná við hefðbundna mjöl- og lýsisframleiðslu.

Verksmiðjurnar á Reyðarfirði og Raufarhöfn hafa hins vegar verið með hinn hefðbundna eldþurrkunarbúnað með tiltölulega sýnilegri loftmengun. Þess ber þó að geta að á Raufarhöfn eru óþægindi vegna reyksins frá verksmiðjunni mjög lítil, þar sem verksmiðjan er á flatlendi og dreifing reyksins því mjög góð. Þetta hefur ekki átt

við um Reyðarfjörð. Það hefur m.a. ýtt undir þá ákvörðun fyrirtækisins að starfrækja þá verksmiðju ekki lengur.

Í verksmiðjum Síldarvinnslunnar hefur veruleg vinna verið lögð í það að minnka olíunotkun eins og kostur er. Í verksmiðjunum á Norðfirði, Seyðisfirði og í Helguvík hafa verið settir upp rafskautakatlar sem keyra á ótryggðri raforku til gufuframleiðslu, sem þ.a.l. stórminnkar olíubrennslu og myndun koltvísýrings um leið. Sjá skýringar með grænu bókhaldi.


Síldarvinnslan hefur einnig á undanförmum árum lagt mikla áherslu á það að hafa frárennslismengun eins litla og mögulega er kostur. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að lágmarka með öllum ráðum að löndunarvatn og blóðvatn geti farið frá verksmiðjum fyrirtækisins auk þess sem efni þau sem notuð eru við hreinsun tækja eru endurnýtt eins og kostur og skynsamlegt er.

Fitugildirur hafa verið settar upp í öllum verksmiðjum fyrirtækisins til þess að fyrirbyggja frárennslismengun eins og kostur er og er áfram unnið að því að bæta þau mál. Mælingar á magni frárennslis og innihaldi mengandi efna í því hafa nú farið fram á þessu ári þ.e. 2004 í samvinnu við UST til þess að leggja mat á frárennslismengun frá verksmiðjum fyrirtækisins.

Í Grænu bókhaldi fyrir árið 2004 má því telja öruggt að frekari upplýsingar um frárennslis frá verksmiðjum Síldarvinnslunnar liggi fyrir.

Virðingarfyllst,
Neskaupstað, 20. september 2004.

Í stjórn Síldarvinnslunnar hf.



Grænt bókhald fyrir árið: 2003

1. Almennt um starfsemina

	Texti
1.1. Nafn fyrirtækis og kennitala	Sildarvinnslan hf. 570269-7479
1.2. Heimilis- og pósthfang höfuðstöðva	Hafnarbraut 6 740 Fjarðabyggð
1.3. Heimilis- og pósthfang annarra starfsstöðva	Sildarvinnslan hf. Seyðisfirði Sildarvinnslan hf. Raufarhöfn Sildarvinnslan hf. Siglufjörður Sildarvinnslan hf. Helgúvík
1.4. GPS hnit allra starfsstöðva	Fiskeldi í Norðfirði GPS: 65°08", 132 N og 13°42", 324 V
1.5. Nafn forstjóra/ábyrgðaraðila	Þjörgólfur Jóhannsson Gunnþór Ingvason aðstoðarmaður forstjóra
1.6. Nöfn stöðvarstjóra eða tengiliða	Fiskeldi Norðfjörður: Sindri Sindrason Verksmiðja Norðfjörður: Jón Már Jónsson Verksmiðja Seyðisfjörður: Gunnar Sverrisson Verksmiðja Raufarhöfn: Jón Ingi Ingvarsson Verksmiðja Siglufjörður: Þóroddur Andersen Verksmiðja Helgúvík: Eggert Einarsson
1.7. Nöfn aðila í stjórn fyrirtækisins	Þorsteinn Már Baldvinsson Kristinn V. Jóhannsson Finnbogi Jónsson Guðmundur Bjarnason Heimir Haraldsson
1.8. Fyrirtækjaflokkur	15.20.1
1.9. Er starfsemin með gilt starfsleyfi?	Já
Fiskeldi Norðfjörður	IS-36015
Verksmiðja Norðfjörður	Já, frá Umhverfisstofnun, Vinnsluleyfi frá Fiskistofu no IS 55705
Verksmiðja Seyðisfjörður	Já, frá Umhverfisstofnun, Vinnsluleyfi frá Fiskistofu no IS 55701
Verksmiðja Raufarhöfn	Já frá Umhverfisstofnun, Vinnsluleyfi frá Fiskistofu no IS 55602
Verksmiðja Siglufjörður	Já, frá Umhverfisstofnun, Vinnsluleyfi frá Fiskistofu no IS 55601
Verksmiðja Helgúvík	Já frá Umhverfisstofnun, Vinnsluleyfi frá Fiskistofu no IS 55204
1.10. Gildistími starfsleyfisins, frá og til	Fiskeldi Norðfjörður: Frá 17/2 2003 til 31/12 2009 Verksmiðja Norðfjörður: Frá 4/9 2000 til 3/9 2004 Verksmiðja Seyðisfjörður: Frá 18/11 2002 til 1/2 2014 Verksmiðja Raufarhöfn: Frá 4/3 2002 til 1/2 2006 Verksmiðja Siglufjörður: Frá 7/10 2002 til 1/2 2014 Verksmiðja Helgúvík: Frá 4/3 2002 til 1/2 2014
1.11. Nafn útgefanda starfsleyfis og eftirlitsaðila	Fiskeldi Norðfjörður: Umhverfisstofnun, Umhverfisstofnun Verksmiðja Norðfjörður: Umhverfisstofnun, HAUST Verksmiðja Seyðisfjörður: Umhverfisstofnun, HAUST Verksmiðja Raufarhöfn: Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra Verksmiðja Siglufjörður: Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra Verksmiðja Helgúvík: Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja
1.12. Tímabil græns bókhalds	Bókhaldsárið 2003
1.13. Greinargerð fyrirtækis (vísu má í viðhengi)	Sjá viðauka
1.14. Yfirlýsing stjórnar	Sjá viðauka
1.15. Undirskrift endurskoðanda	Sjá viðauka

2. Hráfnis og auðlindanotkun

	Hvar í fyrirtækinu?	Magn	Magn	Eining
2.1. Fjöldi starfsmanna (valfrjálst)				
2.2. Fjöldi starfssvæða/starfsstöðva (valfrjálst)				
2.3. Stærð starfssvæða (valfrjálst)				
2.4. Raforkunotkun				
Norðfjörður	Fiskmjölsverksmiðja	46.473.019		kWh
Seyðisfjörður	Fiskmjölsverksmiðja	36.671.560		kWh
Reyðarfjörður	Fiskmjölsverksmiðja	656.640		kWh
Raufarhöfn	Fiskmjölsverksmiðja	3.721.523		kWh
Siglufjörður	Fiskmjölsverksmiðja	2.332.968		kWh
Helgúvík	Fiskmjölsverksmiðja	4.978.444		kWh

2.5.	Olíunotkun			
	Norðfjörður	Svartolia	6.895.127	Lítrar
	Seyðisfjörður	Svartolia	5.343.978	Lítrar
	Reyðarfjörður	Svartolia	1.427.143	Lítrar
	Raufarhöfn	Svartolia	1.371.681	Lítrar
	Siglufjörður	Svartolia	2.722.830	Lítrar
	Helgúvik	Svartolia	639.710	Lítrar
2.6.	Gasnotkun			
	Norðfjörður		77	Kg
	Seyðisfjörður		90	Kg
	Reyðarfjörður		engin notkun	Kg
	Raufarhöfn		engin notkun	Kg
	Siglufjörður		132	Kg
	Helgúvik		66	Kg
2.7.	Notkun jarðhitavatns og jarðgufu			
	Norðfjörður		engin notkun	rúmmetrar
	Seyðisfjörður		engin notkun	rúmmetrar
	Reyðarfjörður		engin notkun	rúmmetrar
	Raufarhöfn		engin notkun	rúmmetrar
	Siglufjörður		2.447	rúmmetrar
	Helgúvik		3.658	rúmmetrar
2.8.	Notkun á köldu vatni			
	Norðfjörður		219.156	rúmmetrar
	Seyðisfjörður		99.430	rúmmetrar
	Reyðarfjörður		6.788	rúmmetrar
	Raufarhöfn		2.837	rúmmetrar
	Siglufjörður		39.985	rúmmetrar
	Helgúvik		ekki mælt	rúmmetrar
2.9.	Notkun á sjó			
	Norðfjörður		3.276.000	rúmmetrar
	Seyðisfjörður		3.018.240	rúmmetrar
	Reyðarfjörður		73.200	rúmmetrar
	Raufarhöfn		87.300	rúmmetrar
	Siglufjörður		558.000	rúmmetrar
	Helgúvik		450.000	rúmmetrar
2.10.	Heildarhraefnisnotkun			
	Norðfjörður		207.573	Tonn
	Seyðisfjörður		146.368	Tonn
	Reyðarfjörður		26.527	Tonn
	Raufarhöfn		28.778	Tonn
	Siglufjörður		40.312	Tonn
	Helgúvik		20.246	Tonn
2.11.	Notkun á innfluttu hráefni			
	Landanir erl. skipa afli innan og utan lögs.	Norðfjörður	2.487	Tonn
		Seyðisfjörður	8.704	Tonn
		Reyðarfjörður	3.680	Tonn
		Raufarhöfn	8.430	Tonn
		Siglufjörður	16.272	Tonn
		Helgúvik	13.382	Tonn
2.12.	Notkun eiturefna & hættulegra efna			
	Norðfjörður	Formalin	3.600	Kg
		Ediksýra	73.100	Kg
		Vitissótaupplausn	50.000	Kg
		Vitissóti	5.000	Kg
		Saltsýra	240	Kg
		Sápur	1.500	Kg
	Ediksýra með lignini (hindrar tæringu)	Soft acid aqua	80.000	Kg
		Þrávarefni Naturox	1.000	Kg
		BHT	350	Kg
		Saltpéturssýra	12.580	Kg

	Þráavarnarefni Kemquin	5.200	Litrar	
Seyðisfjörður	Formalín	1.300	Litrar	
	Natríum Nítrít	630	kg	
	Ediksýra	188.500	Litrar	
	Maurasýra	42.000	Litrar	
	Vítissóði	42.300	kg	
	Saltsýra	855	Litrar	
	Saltpéturssýra	200	Kg	
	Sápur	1.320	Litrar	
	Önnur hreinsiefni	50	Litrar	
	Sóthreinsiefni	350	Litrar	
	Þráavarnarefni Kemquin	3.350	Litrar	
	Þráavarnarefni Naturox	1.025	Litrar	
	Þráavarnarefni BHA	67	kg	
	Þráavarnarefni BHT	1.090	kg	
Siglufjörður	Ediksýra	29.600	Litrar	
	Maurasýra	45.000	Litrar	
	Vítissóði	29.250	Kg	
	Saltpéturssýra	10.470	Kg	
	Sápur	155	Litrar	
	Sóthreinsiefni	450	Litrar	
	Þráavarnarefni Kemquin	1.350	Litrar	
	Þráavarnarefni Naturox	1.000	Litrar	
	Þráavarnarefni BHT	300	kg	
		Formalín	3.280	kg
Helguvík	Natríum Nítrít	225	kg	
	Ediksýra	14.000	Litrar	
	Vítissóði	400	kg	
	Vítissóðaupplausn 33 %	1.000	Litrar	
	Saltsýra 35 %	1.680	Litrar	
	Sápur & hreinsiefni	400	Litrar	
	Þráavarnarefni Naturox	3.000	Litrar	
	Þráavarnarefni Kemquin	550	Litrar	
	Þráavarnarefni Ethoxyquin	100	Litrar	
	Perklórethylene	60	Litrar	
	Hreinsiefni T-CIP	2.660	Litrar	
		Formalín	1.000	kg
		Natríum Nítrít	345	kg
	Ediksýra	16.000	Litrar	
	Maurasýra	26.800	Litrar	
	Vítissóði	5.653	kg	
	Saltpéturssýra	1.750	Litrar	
	Þráavarnarefni Kemquin	1.600	Litrar	
	Þráavarnarefni BHT	210	kg	
	Hreinsiefni T-CIP	1.000	Litrar	
2.13. Notkun umbúða og þökkunarefnis				
Norðfjörður	Norðfjörður	engin notkun	Kg	
	Seyðisfjörður	1.188	Kg	
	Reyðarfjörður	engin notkun	Kg	
	Raufarhöfn	473	Kg	
	Siglufjörður	engin notkun	Kg	
	Helguvík	engin notkun	Kg	
2.14. Fjöldi farartækja og vinnuvéla				
	Norðfjörður	4		
	Seyðisfjörður	4		
	Reyðarfjörður	3		
	Raufarhöfn	5		
	Siglufjörður	6		
	Helguvík	7		
2.15. Önnur hráefnis eða orkunotkun	Gasolía á lyftara	tot.ca 18000	Litrar	

3. Áhrifapættir og losun

Losun efna og meðhöndlun úrgangs	Efnisheiti eða lýsing	Magn (bókhaldsár)	Magn (meðalár)	Eining per tonn
3.1. Losun efna í andrúmsloft		2003		hræfnis í kg
Norðfjörður	Koldíoxíð, CO ₂	19.895.200 kg		95,8
	Brennisteinsdíoxíð SO ₂	240.000 kg		1,16
Seyðisfjörður	Koldíoxíð CO ₂	15.419.500 kg		105,3
	Brennisteinsdíoxíð SO ₂	186.000 kg		1,27
Raufarhöfn	Koldíoxíð, CO ₂	3.958.000 kg		137,5
	Brennisteinsdíoxíð SO ₂	47.750 kg		1,66
Siglufjörður	Koldíoxíð CO ₂	7.908.000 kg		196,2
	Brennisteinsdíoxíð SO ₂	95.400 kg		2,37
Helgúvík	Koldíoxíð CO ₂	1.846.000 kg		91,2
	Brennisteinsdíoxíð SO ₂	22.300 kg		1,1
3.2. Losun efna í yfirborðsvatn/grunnvatn/sjó				
Norðfjörður	í yfirborðsvatn/grunnvatn	engin	Sjá greinargerð	
Seyðisfjörður	í yfirborðsvatn/grunnvatn	engin	Sjá greinargerð	
Raufarhöfn	í yfirborðsvatn/grunnvatn	engin	Sjá greinargerð	
Siglufjörður	í yfirborðsvatn/grunnvatn	engin	Sjá greinargerð	
Helgúvík	í yfirborðsvatn/grunnvatn	engin	Sjá greinargerð	
3.3. Losun efna í holræsakerfi sveitarfélags				
Norðfjörður	óþekkt			
Seyðisfjörður	óþekkt			
Raufarhöfn	óþekkt			
Siglufjörður	óþekkt			
Helgúvík	óþekkt			
3.4. Magn úrgangs til förgunar				
Norðfjörður	Sorp o.fl.til urðunar	32050		0,16
Seyðisfjörður	Sorp o.fl.til urðunar	57870		0,38
Raufarhöfn	Sorp o.fl.til urðunar	17000		0,59
Siglufjörður	Sorp o.fl.til urðunar	15200 kg		0,38
Helgúvík	Sorp til urðunar	ekki vigtað		
3.5. Magn úrgangs til endurvinnslu				
Norðfjörður	Brotajárn m.m	ca. 120000		0,59
Seyðisfjörður	Brotajárn	100.000 kg		0,69
Raufarhöfn	Brotajárn	0 kg		
Siglufjörður	Brotajárn	10470 kg		0,26
Helgúvík	Timbur til endurvinnslu	4590 kg		0,11
	Liggur ekki fyrir			
3.6. Magn spilliefna til förgunar				
Norðfjörður	Úrgangsóla og -glussi	ekki á árinu		
Seyðisfjörður	Úrgangsóla og -glussi	ekki á árinu		
	Perklórethylene	30 Litrar		
Raufarhöfn	Úrgangsóla og -glussi	ekki á árinu		
	Perklórethylene	45 Litrar		
Siglufjörður	Úrgangsóla og -glussi	1000 Litrar		0,025
Helgúvík	Úrgangsóla og -glussi	ekki á árinu		
	Perklórethylene	25 Litrar		
3.7. Magn mengandi efna í framleiðsluvörum	Engin í neinni verksmiðju			
Helstu áhrifapættir í umhverfismálum	Heiti eða lýsing	Aldur (fyrsta notkunarár)	Ástand	
3.8. Fráveitukerfi eða skólprór (þar sem við á)	Sjá viðauka.			
3.9. Hreinsun fastefna úr fráveitu (þar sem við á)				
Norðfjörður	Fitugildra Hönnun h/f	1998	Gott	
Seyðisfjörður	Fitugildra SR-Vélaverkstæði, Siglufirði	2002	Gott	
Raufarhöfn	Fitugildra SR-Vélaverkstæði, Siglufirði	2001	Gott	
Siglufjörður	Fitugildra SR-Vélaverkstæði, Siglufirði	2003	Gott	
Helgúvík	Fitugildra SR-Vélaverkstæði, Siglufirði	2003	Gott	

3.11. Oliuskiljur (þar sem við á)	Á ekki við		
3.12. Roðþrær (þar sem við á)	Engar neins staðar		
3.13. Oliu/bensínafgreiðslubúnaður (þar sem við á)	Enginn slíkur búnaður í neinni verksmiðju		
3.14. Oliugeymar (þar sem við á)	Oliugeymar alls staðar í eigu oliufélaganna		
3.15. Varaafllstöð (þar sem við á)	Öll raforka aðkeypt		
3.16. Kælikerfi - slökkvikerfi (þar sem við á)			
Norðfjörður	Í þurrkarabúnaði verksmiðju	1996	Gott
Seyðisfjörður	Í þurrkarabúnaði verksmiðju	1991	Gott
Raufarhöfn	Í þurrkarabúnaði verksmiðju	1973	Gott
Siglu fjörður	Í þurrkarabúnaði verksmiðju	1999	Gott
Helguvík	Í þurrkarabúnaði verksmiðju	1998	Gott
3.17. Lofthreinsibúnaður (þar sem við á)			
Norðfjörður	Jesma pokasiur, Hetland þurrkarakerfi	1996	Gott
Seyðisfjörður	Jesma pokasiur, Hetland þurrkarakerfi	1991	Gott
Raufarhöfn	Jesma pokasiur punktafsog af mjólsniglum	1992	Gott
Siglu fjörður	Jesma pokasiur Hetland þurrkarakerfi	1999	Gott
Helguvík	Jesma pokasiur Hetland þurrkarakerfi	1998	Gott
3.18. Lyktareyðingarbúnaður (þar sem við á)			
Norðfjörður	Hetland þurrkarakerfi og afsog af búnaði	1996	Gott
Seyðisfjörður	Hetland þurrkarakerfi og afsog af búnaði	1991	Gott
Raufarhöfn	Afsog af búnaði en enginn við þurrkun	2000	Gott
Siglu fjörður	Hetland þurrkarakerfi og afsog af búnaði	1999	Gott
Helguvík	Hetland þurrkarakerfi og afsog af búnaði	1998	Gott
3.19. Varnir gegn hávaða (þar sem við á)			
Norðfjörður	Hljóðeinangr.stjórnsstöðvar og neyslurými	1997	Gott
Seyðisfjörður	Hljóðeinangr.stjórnsstöðvar og neyslurými	1991	Gott
Raufarhöfn	Hljóðeinangr.stjórnsstöðvar og neyslurými	1993	Gott
Siglu fjörður	Hljóðeinangr.stjórnsstöðvar og neyslurými	1999	Gott
Helguvík	Hljóðeinangr.stjórnsstöðvar og neyslurými	1998	Gott
3.20. Annar búnaður er snertir mengunarvarnir	sjá viðauka.		

4. Umhverfismál (valfrjálssar upplýsingar nema að ákvæði í starfsleyfi segi til um annað)

4.1. Er fyrirtækið með viðurkennt eða vottað umhverfisstjórnunarkerfi?
Svar: Nei

4.2. Er fyrirtækið með skriflega umhverfisstefnu?
Svar: Já, sjá meðfylgjandi bækling: Starfsmannastefnu Sildarvinnslunnar hf.

4.3. Hefur fyrirtækið sett sér skrifleg markmið í umhverfismálum?
Svar: Engin töluleg markmið hafa verið sett, reynt er að lágmarka úrgang og aðföng (önnur en til framleiðslu) til allrar starfsemi félagsins. Unnið er skv. umhverfisstefnu Sildarvinnslunnar hf.

4.4. Hefur fyrirtækið sett sér skrifleg markmið er varða auðlinda- og hráefnisnotkun?
Svar: Já, sjá meðfylgjandi bækling: Starfsmannastefnu Sildarvinnslunnar hf.

4.5. Er til skrifleg áætlun um að draga markvisst úr myndun úrgangs?
Svar: Engin töluleg markmið hafa verið sett, reynt er að lágmarka úrgang sbr. 4.4.

4.6. Er markvisst reynt að koma úrgangi í endurnotkun, endurvinnslu eða endurnýtingu?
Svar: Já. Brotajámssöfnun var framkvæmd árið 2000 og 2002 á Norðfirði. Allur fiskúrgangur er nýttur í fiskimjöl eða sem dýrafæða. Sorpgámar eru sérmerktir og tæmdir reglulega.

4.7. Hafa starfsmenn fullnægjandi þekkingu áeitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem unnið er með?
Svar: Já á þeim svæðum sem unnið er með eiturefni er til handbók varðandi öryggi við meðhöndlun slíkra efna. Sjá einnig í starfsmannastefnu Sildarvinnslunnar hf.

4.8. Hafa starfsmenn kynnt sér bestu fánlegu tækni fyrir starfseminu?
Svar: Starfsfræðsla er innbyggð í starfsmannastefnu Sildarvinnslunnar hf. Haldin eru námskeið þegar við á og stjórnendur eru hvattir til að afla sér þekkingar á málefnum sem falla undir þeirra starfsvið.

4.9. Voru tekin sýni til greininga á mengunarefnum á árinu? (Mælimiðurstöður sem ekki er ákvæði um í starfsleyfi eru valfrjálss)
Svar: Já. Vegna borunar fyrir köldu vatni voru tekin sýni út borholu í botni fjarðarins. Einnig eru tekin reglulega sýni til örverumælinga.

4.10. Hafa komið í ljós óæskileg mengunaráhrif vegna stöðvarinna?
Svar: Nei.

4.11. Hafa orðið mengunaráhöpp hjá fyrirtækinu á bókhaldsárinu?

Svar: Ekki í fiskeldisþætti félagsins. Lýsistankur yfirfylltist á Norðfirði. Olía úr skipi barst með sjó í aðstöðu til laxaslátrunar.

4.12. Er til viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa hjá fyrirtækinu?

Svar: Já. Fyrir fiskeldisþátt starfseminnar.

4.13. Hefur fyrirtækið tekið þátt í öðrum umhverfisverkefnum sem ástæða þykir til að nefna?

Svar: Nokkrir lykilmenn í fyrirtækinu hafa tekið þátt í námskeiði í hreinni framleiðslutækni, sem haldið var á vegum Iðntæknistofnunar.

4.14. Hefur fyrirtækið sótt um undanþágu frá færslu græns bókhalds?

Svar: Nei.

5. Önnur atriði (valfrjálssar upplýsingar nema að ákvæði í starfsleyfi segi til um annað)

5.1. Aðkoma starfsmanna að vinnunni við grænt bókhald

Verið er að búa upplýsingakerfi þannig að hægt sé að nýta það í grænu bókhaldi.

5.2. Vinnuumhverfi og öryggismál starfsmanna

Sjá starfsmannastefnu.

5.3. Er notast við hreina framleiðslutækni eða bestu fánlegu tækni í starfseminni

Já, bæði í fiskeldisþættinum sem og fyrir fiskmjölsverksmiðjurnar

5.4. Notkun skaðlausra og umhverfisvænna stöðfna í framleiðsluvörðunni

Engin stöðfni notuð í fiskeldi.

5.5. Niðurstöður vistferilsgreininga á framleiðsluvörum

Engar vistferilsgreiningar hafa verið gerðar

5.6. Fjárhagslegir þættir svo sem sparnaður og fjárfestingar

Sjá viðauka

5.7. Áhættumat

Viðbragðsáætlun er til vegna mengunaróhappa og varna gegn vá.

5.8. Jarðvegsmengun frá því áður en núverandi rekstraraðili tók við starfseminni

Til eru gögn hjá Heilbrigðisteftirliti Austurlands varðandi mengun þrávirkraefna í sjó og í fjöru í Norðfirði.

5.9. Kvartanir yfir lykt og hávaða frá starfseminni

Varðandi fiskeldisþátt engar en kvartanir hafa borist vegna fiskmjölsverksmiðja í mjög fáum tilvikum.

5.10. Næringarefnaofauðgun og súrefnisþurrð vegna fráveitu frá starfseminni

Botnsýni tekin í júní 2003 á eldisstað. Engar aðrar mælingar gerðar.

5.11. Minnkun á líffræðilegum fjölbreytileika tegunda sem umhverfiráhrif frá starfseminni

Skýrsla um botndýr í botni Norðfjarðar unnin af Náttúrustofu Vestfjarða.

Grænt bókhald 2003

Nafn fyrirtækis og kennitala

Sildarvinnslan hf. 570269-7479

6. Sértæk skráning fyrir eldisstöðvar fisks, alifugla eða svína

	Skýring	Magn (bókhaldsár)	Magn (meðalár)	Eining
6.1. Tegund eldis	Þorskeldi			
6.2. Framleiðslumagn	Þorskur framleitt	19.066		Kg.
6.3. Föðurnotkun	Blautföður	76.264		Kg.
6.4. Föðurgerð	Loðna fersk og fryst	76.264		Kg.
6.5. Sundurliðun á aðföngum	Þorskur veiddur í dragnót	25.609		Kg.
	Föðrun og umsjón (Bátur + 1 maður)	780		Klst.
6.6. Sundurliðun á notkun hættulegra efna	Engin losun á hættulegum efnum			
6.7. Sundurliðun á losun mengandi efna	Saur frá fiski losun í sjó (30% af föðri)	22.879		Kg.
6.8. Sundurliðun á meðhöndlun úrgangs	Dauður fiskur í beinamjól	500		Kg.
6.9. Sundurliðun á notkun lyfja	Engin lyf notuð			
6.10. Tegund viðtaka eftir starfsstöðvum	Sjór			



Viðauki vegna skýrslu um grænt bókhald frá Síldarvinnslunni fyrir árið 2003.

Varðar raforkunotkun: Svo sem sjá má, er verulegur munur í raforkunotkun verksmiðjanna. Áberandi mest raforkunotkun er í verksmiðjum fyrirtækisins í Neskaupstað og á Seyðisfirði, sem helgast af því að bæði var framleiðslan langmest þar hjá fyrirtækinu en aðalskýringin liggur þó í því að báðar þessar verksmiðjur nota rafskautakatla við gufuframleiðslu og það sama á einnig við um verksmiðjuna í Helguvík, enda raforkunotkun á hráefnistonn hæst í þessum verksmiðjum.

Hún er því skv. bókhaldsyfirliti þessi:

Fyrir Norðfjörð:	223,9kwst/tn. hráefnis
Fyrir Seyðisfjörð:	250.5 kwst/tn hráefnis
Fyrir Reyðarfjörð:	24.8 kwst/ tn. hráefnis
Fyrir Raufarhöfn:	129.3 kwst/tn hráefnis
Fyrir Siglufjörð:	57.9 kwst/tn hráefnis
Fyrir Helguvík:	245.9 kwst/tn hráefnis.

Skýringin á þessum mikla mun milli Siglufjarðar og Reyðarfjarðar annars vegar og Raufarhafnar hins vegar liggur í því að þar er til staðar rafmagnsketill sem keyrir á ótryggðri raforku líkt og katlarnir á Norðfirði, Seyðisfirði og Helguvík. Þessi ketill framleiðir heitt vatn fyrir verulegan hluta Raufarhafnarhrepps árið um kring sem gerir raforkunotkunina enn hærri á hráefnistonn, sérstaklega þegar ekki er um meiri framleiðslu að ræða en var þar sl. ár. Skýringin á muninum milli Siglufjarðar og Reyðarfjarðar liggur í hinum umfangsmikla mun í þurrkunarbúnað í þessum verksmiðjum, en Reyðarfjarðarverksmiðjan var með einfaldan eldþurrkunarbúnað eins og þekkt er.

Skiljanlega skilar hin aukna gufuframleiðsla í rafskautakötlum sér í minni olíunotkun, en hún var eftirfarandi í verksmiðjunum á sl. ári:

Á Norðfirði:	33.2 l/tn. hráefnis
Á Seyðisfirði:	36.5 l/tn. hráefnis
Á Reyðarfirði:	53.8 l/tn hráefnis
Á Raufarhöfn:	47.7 l/tn hráefnis
Á Siglufirði:	67.5 l/tn hráefnis
Í Helguvík:	31.6 l/tn hráefnis

Skýringin á hinni háu olíunotkun á Siglufirði liggur í því að verksmiðja fyrirtækisins framleiðir umtalsvert magn af gufu fyrir verksmiðju Primex þar, en hún er notuð við framleiðslu á kitosani. Þegar framleiðslan á Siglufirði er ekki meiri en raun ber vitni verður olíunotkun á hráefnistonn óeðlilega há.

Varðandi notkun á sjó er vert að taka fram að þessar magntölur eru byggðar á útreikningum en ekki á mælingum. Við útreikningana var stuðst við aflþörf sjódælna og dælukúrfur viðkomandi dælutegunda og mótþrýsting. Eðli málsins samkvæmt er sjónotkunin á hráefnistonn miklum mun hærri fyrir þær verksmiðjur sem eru með heitloftsþurrkun en eldþurrkaraverksmiðjurnar ,

þar sem loftið frá þurrkurunum í þeim tilfellum er kælt niður með sjó, áður en því er endurkeyrt aftur til upphitunar í varmaskiptum þurrkarakterfisins. Sjónotkunin lítur þannig út fyrir verksmiðjurnar:

Á Norðfirði:	15.8 tn/ tn hráefnis
Á Seyðisfirði:	20.6 tn/tn hráefnis
Á Reyðarfirði:	2.8 tn/tn hráefnis
Á Raufarhöfn:	3.0 tn/tn hráefnis
Á Siglufirði:	13.8 tn/tn hráefnis
Í Helguvík:	22.2 tn/tn hráefnis.

Hvað hráefnisnotkunina varðar þá höfum við skilið spurningu UST svo að fyrst er uppgefin öll hráefnisnotkunin og í næsta lið á eftir hversu mikið af hráefnisnotkuninni kæmi af erlendum skipum, enda eru erlendu skipin innifalin í heildartölunni.

Varðandi losun efna í andrúmsloft látum við okkur það nægja að gefa upp stærstu þættina sem til umhverfisröskunar geta talist eða koldíoxíð CO₂ og brennisteindíoxíð, SO₂. Þessi gildi eru ekki mæld heldur útreiknuð og byggja á þeim rauntölum að kolefnisinnihald svartolíu er tiltölulega stöðugt, eða nálægt 86 % m.v. þunga. Brennisteininnihald hennar er hins vegar nálægt 1.9 % af þunga, reiknað sem hreinn brennisteinn,(S) Út frá þyngd þeirrar svartolíu sem verksmiðjurnar keyptu á sl. ári er síðan innihald koldíoxíðs og brennisteindíoxíðs reiknað og í báðum tilvikum reiknað með fullkomnum bruna kolefnisins og brennisteinsins.

Forsendur olíumagnsins eru þær að eðlisþyngd svartolíunnar sé 0.916 nema í tilvikinu fyrir Siglufjörð þar sem hún reyndist hafa eðlisþyngdina 0.922.

Svo sem kemur fram í kaflanum um frárennslismengun, þá er ekki um að ræða neina frárennslismengun í yfirborðs- né grunnvatn svo vitað sé. Auðvitað er um nokkra frárennslismengun að ræða frá verksmiðjunum í sjó. Þar sem mælingar okkar fyrir sl. ár á frárennslisli eru frekar takmarkaðar teljum við frekar erfitt að gefa nægilega trúverðuga mynd af því. Þess vegna sleppum við því í bili, en fari Umhverfisstofnun þess á leit munum við leitast við að gefa einhver svör við því.


Þórhallur Jónsson

Áritun endurskoðenda á grænt bókhald

Til stjórnar og hluthafa í Sildarvinnslunni hf.

Við höfum endurskoðað grænt bókhald Sildarvinnslunnar hf. fyrir árið 2003. Grænt bókhald félagsins hefur að geyma yfirlýsingu stjórnar dags. 20. September 2004, skýrsla félagsins um lykiltölur um meginnotkun fiskimjölsverksmiðja og fiskeldispáttar félagsins á hráefnum, orku, vatni og sjó ásamt helstu tegundum og magni efna sem valda mengun félagsins á árinu 2003 í samræmi við reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald auk viðauka um skýrsluna. Græna bókhaldið er lagt fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á græna bókhaldinu á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju á Íslandi en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að græna bókhaldið sé í meginatriðum annmarkalaust. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í bókhaldinu. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim aðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð bókhaldsins og mat á framsetningu þess í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að græna bókhaldið gefi glögga mynd af meginnotkun félagsins á hráefnum, orku, vatni og sjó ásamt helstu tegundum og magni efna sem valda mengun félagsins á árinu 2003.

Neskaupstað, 14. desember 2004.

Deloitte hf.


Guðmundur Kjartansson
endurskoðandi

Umhverfisstofnun
Áb. <u>EE AS HG</u>
15 DES. 2004
<u>40</u>
Tilv <u>UST2004/600036</u>